

# Til hamingju með kjörið!

---

Kæri þingfulltrúi.

Til hamingju með það lýðræðislega umboð sem þjóðin hefur veitt þér. Um leið og þú vafalaust gleðst yfir þeim heiðri sem því fylgir að hreppa eitt af eftirsóttum sætum þingsalarins, þá er líklegt að þú finnur til þeirra ábyrgðar sem sætinu fylgir.

Samkvæmt nágildandi Stjórnarskrá lýðveldisins Íslands skulu allir vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti (65. gr.). Svo að þetta megi verða, er nauðsynlegt að hér á landi ríki raunverulegt trúfrelsi og að samfélagið sé veraldlegt og lýðræðislegt. Siðmennt telur að hér sé úrbóta þörf og vill gjarnan biðja þingfulltrúa um að hafa eftirfarandi atriði í huga við umræðu og mótun lagaumhverfis á landinu.



# 1.

## Aðskilnaður ríkis og kirkju

Fæst lönd í Evrópu hafa ríkistrú eða ríkiskirkju, enda er það að margra mati grundvöllur veraldlegs samfélags að ekki sé einu trúarbragði eða einu trúfélagi hampað ofar öðrum. Í nýútkominni „Freedom of Thought Report“ alþjóðasamtaka húmanista, Humanists International, lendir Ísland á lista 60 þjóða þar sem kerfisbundin mismunun á grundvelli trúarbragða er ríkjandi, einmitt vegna stöðu þjóðkirkjunnar í stjórnarskrá og lögum.

Flestir stjórn mála flokkar sem nú sitja á Alþingi eru með það á stefnuskrá sinni að aðskilja ríki og kirkju. Þá mælist ítrekað meirihlutavilji þjóðarinnar fyrir aðskilnaði. Þrátt fyrir þetta var nýlega gerður viðbótarsamningur við Þjóðkirkju Íslands sem tryggir henni áframhaldandi lagaleg, félagsleg og fjárhagsleg forréttindi, næstu 13 árin, óháð því hvort félagafjöldinn minnkar eða eykst. Að mati Siðmenntar ætti það að vera ofarlega á forgangslista allra flokka að segja upp kirkjujarðasamkomulaginu svokallaða, sem kostar skattgreiðendur um fjóra milljarða á ári, og aðskilja ríki og kirkju endanlega.

**Rúmlega 54 % landsmanna eru fremur eða mjög hlynnt aðskilnaði ríkis og kirkju og 25,7 prósent þeirra segjast vera í meðallagi hlynnt honum. Rúmlega 20 prósent segjast vera fremur eða mjög andvíg aðskilnaði.**

- Könnun Maskínu fyrir Siðmennt 2020

# 2.

---

## Opinber skráning trúar- og lífsskoðanna

Af sögulegu samhengi er ljóst að skráning yfirvalda á trúarafstöðu þegna sinna er ekki aðeins óheppileg söfnun viðkvæmra persónuupplýsinga, heldur getur slík gagnasöfnun beinlínis verið hættuleg, komist hún í rangar hendur. Íslenska ríkið safnar ennþá upplýsingum um trúfélagsskráningu þegna sinna. Þá eru ungabörn skráð sjálfkrafa í trúfélag foreldra sinna, án upplýsts samþykkis foreldra eða staðfestingu barnanna sjálfra á vilja þeirra til að heyra undir ákveðið trúfélag. Siðmennt telur að hið opinbera eigi ekki að halda skrár um trúar- og lífsskoðanir fólks, þá allra síst lífsskoðanir og trúfélagsaðild barna.

**Séu foreldrar barns í hjúskap eða skráðri sambúð við fæðingu þess skal það heyra til sama skráða trúfélagi eða lífsskoðunarfélagi og foreldrar þess en ella vera utan trúfélaga og lífsskoðunarfélaga ef það gildir um foreldrana.**

- Úr 8. grein laga um skráð trúfélög og lífsskoðunarfélög.

# 3.

---

## Afnám sóknargjalda

Núverandi fyrirkomulag sóknargjalda er barns síns tíma, frá því að gjöldin voru færð inn í endurnýjað skattkerfi 1987 og ríkið tók yfir innheimtu þeirra. Í dag eru sóknargjöldin einfaldlega framlög úr ríkissjóði til félaganna, sem allir skattgreiðendur standa undir, óháð tekjum eða skráningu í trú- og lífsskoðunarfélög. Félögin sjálf hafa ekkert að segja um upphæð gjaldanna og þeir sem ekki vilja borga eiga engrar undankomu auðið. Mannréttindanefnd Sameinuðu þjóðanna hefur gert athugasemd við að allir greiði þennan skatt, óháð því hvort þeir séu skráðir í söfnuð eður ei.

**The Committee is concerned that the State party levies a church tax from citizens, regardless of whether they are members of a religious organization. [...] The State party should take steps to ensure that the church tax is not levied indiscriminately.**

- Álit  
mannréttindanefndar  
Sameinuðu þjóðanna  
frá 2012

# 4.

---

## Lóða- og fasteignaívilnanir

Siðmennt hvetur til þess að skylda sveitarfélaga að leggja trú- og lífsskoðunarfélögum til ókeypis lóðir verði afnumin með breytingu á lögum um Kristnisjóð. Slíkar tillögur hafa verið lagðar fram en ekki hlotið brautargengi. Það er ekki hlutverk sveitarfélaga að sjá trú- og lífsskoðunarfélögum fyrir slíkum ívilnunum. Það skal tekið fram að Siðmennt hefur ekki og mun ekki sækjast eftir að skattgreiðendur borgi lóðir undir starfssemi félagsins. Þá leggur Siðmennt til að undanþágur trú- og lífsskoðunarfélaga frá fasteignagjöldum verði afnumdar.

**Sveitarfélögum kaupstaða og kauptúna er skylt að leggja til ókeypis lóðir undir kirkjur og undanskilja þær gatnagerðargjaldi.**

- 5. grein Laga um Kristnisjóð

# 5.

## Aðgengi að óháðu athafnarými

Við athafnir Siðmenntar, þó sérstaklega við útfarir, eiga aðstandendur erfitt með að nálgast tilhlýðilegt rými sem hentar öðrum lífsskoðunum en kristnum. Kirkjur eru náttúrulega að mörgu leyti hentugir athafnarstaðir, með þá innviði sem hæfa tilefnefninu, þeim er dreift um allt land og tilheyrir flestar því trúfélagi sem kennir sig við þjóðina og sérstaklega er stutt af ríkinu. Þjóðkirkjan hefur þó tekið fyrir notkun annarra lífskoðunarfélaga á sínum hýbýlum, sem verður að teljast undarlegt í ljósi þess sérstaka stuðnings sem hún fær frá yfirvöldum og þeim yfirlýsingum um að hún sé fyrir alla. Veraldlegir viðburðir eru þó daglegt brúð í húsnæði þjóðkirkjunnar, sem er gjarnan lánað eða leigt fyrir tónleika, fundarhöld, skólasetningar og útskriftir.

Húsnæði kirkjunnar sem reist er fyrir kirkjugarðasjóð, svo sem Fossvogskirkja, er lánaða öllum lífsskoðunarfélögum, og hafa þjónustuþegar Siðmenntar oft nýtt sér það. Það verður þó að viðurkennast að kristin tákni eru mjög ríkjandi og því varla hægt að flokka þetta húsnæði sem óháð athafnarými.

Krafa Siðmenntar er að ríkið bjóði upp á viðeigandi, óháð og hlutlaust athafnarými, eða skuldbindi sveitarfélög til þess að gera það.

Í *Samþykktum um innri málefni þjóðkirkjunnar* sem Þjóðkirkjan samþykkir á Kirkjuþingi, segir í 13. gr. í kafla 3:

**„Ekki skal nota kirkju til annarra athafna en þeirra sem teljast samrýmast tilgangi hennar og stöðu sem vígðs helgidóms þjóðkirkjunnar, svo sem borgaralegra athafna eða athafna á vegum annarra trúfélaga en kristinna.“**

# 6.

---

## Sálgæsla og veraldleg tilvistarráðgjöf

Í sálgæsluteymi Landspítalans starfa átta prestar eða djáknar, sem veita sjúklingum og aðstandendum þeirra tilvistarráðgjöf og sálræna aðstoð. Engin veraldleg sálgæsla er í boði. Siðmennt telur að koma þurfi á aðgengi að veraldlegri sálgæslu fyrir bæði sjúklinga og aðstandendur, eða að öðrum kosti, ráða fulltrúa allra helstu lífsskoðunarfélaga. Það er algjörlega óviðunandi ástand að um 40% íslensku þjóðarinnar hafi ekki aðgang að viðeigandi sálgæsluaðila á viðkvæmum stundum. Þá er óforsvaranlegt að hluti af starfskyldum starfsfólks Landspítalans sé að stýra helgihaldi.

**„Sjúkrahúsprestar og djákni á Landspítala eru vígðir þjónar kirkjunnar með framhaldsmenntun í sálgæslu. Þau sinna m.a. sálgæslu og helgihaldi og starfa í samvinnu við aðra heilbrigðisstarfsmenn að velferð sjúklinga og aðstandenda þeirra.“**

- Úr bæklingi  
Sálgæsluteymis  
Landspítalans

# 7.

## Trúarleg íhlutun í starfsemi hins opinbera

Til þess að fullt trúfrelsi ríki á Íslandi og að þegnum landsins sé ekki mismunað vegna trúarskoðanna er nauðsynlegt að starfsemi hins opinbera fari fram á veraldlegum grunni. Siðmennt gerir athugasemdir við að það sé ekki tryggt að starfsemin sé veraldleg og að prestum eins trúfélags - eða fulltrúum lífsskoðunarfélaga almennt - sé falið að leysa af hendi hlutverk sem ættu réttilega að vera á herðum fagmenntaðra, óháðra einstaklinga. Sem dæmi má nefna að vilji þar sem á börn undir 18 ár sækja um lögskilnað, þarf fulltrúi trú- eða lífsskoðunarfélags að staðfesta það að sáttaumleitan hafi farið fram og mistekist. Þetta hlutverk ætti augljóslega að vera á herðum fagaðila, ef það þykir þarft yfir höfuð. Þá eru prestar kallaðir til þegar stóraföll verða í skólum og stórum vinnustöðum hins opinbera, í stað þess að óháðu fagfólki sé falið að leiðbeina fjölbreyttum hópum sem eiga að geta fengið að hafa sínar persónulegu lífsskoðanir í friði. Þá er ótækt að Alþingi Íslendinga hefjist á helgihaldi í nafni eins trúfélags.

**Skylt er að leita um sættir með hjónum sem eiga ósjálfráða barn, annað eða bæði, er þau hafa forsjá fyrir. [...] Í sáttatilraun felst að kanna skal grundvöll að framhaldi hjúskaparins. Prestar leita um sættir eða löggiltir forstöðumenn trúfélaga**

- 42. grein  
Hjúskaparlaga





**Siõmennt**